



Fundargerð

515. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, Þriðjudaginn 28. janúar 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 9.00.

Mál til kynningar:

1. 2501018 - Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR)

Lögð fram skýrsla frá ÍSOR, dagsett í janúar 2025 vegna jarðhita og jarðhitaleitar í Skaftárhreppi. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þekktum jarðhitastöðum í Skaftárhreppi og borholum þar sem til eru hitamælingar. Einnig fjallað um efnasamsetningu þeirra fáu sýna af jarðhitavatni sem til eru úr hreppnum. Jafnframt er greint frá niðurstöðum og næstu skrefum.

Lagt fram til kynningar, oddvita og sveitarstjóra falið að funda með ÍSOR um næstu skref vegna jarðhitaleitar í Skaftárhreppi.

2. 2501009 - Minjastofnun Íslands

Lagt fram bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett, 18. desember 2024, ásamt greinargerð og tillögum um framtíðarsýn Núpsstaðar.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn fagnar greinargerð um framtíðarsýn Núpsstaðar og felur sveitarstjóra að senda Skipulags- og umhverfisráði Skaftárhrepps erindið til kynningar.

3. 2501002 - EP Power Minerals Iceland ehf.

Lagt fram minnisblað, dagsett, 16. janúar 2025, frá EP Power Minerals ehf., vegna fyrirhugaða framkvæmda fyrirtækisins í Skaftárhreppi.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda Skipulags- og umhverfisráði erindið til kynningar.

4. 2501004 - Rangárþing eystra

Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett, 17. desember 2024. Er bréfið svarbréf vegna erindis Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um jörðina Ytri-Skóga dagsett 6. nóvember 2024.

Erindið lagt fram til kynningar.

BHS

AK

J.G.
H.A.

BS



5. 2501005 - VSÓ ráðgjöf
Lögð fram skýrsla frá VSÓ Ráðgjöf, dagsett, 20. desember 2024, um ástandsmats framkvæmda á Klausturvegi 4.

Erindið lagt fram til kynningar.

6. 2501006 - VSÓ ráðgjöf
Lagt fram minnisblað, dagsett, 20. desember 2024 frá VSÓ Ráðgjöf um niðurstöður landmælinga á Stjórnarsandi urðunarstað.

Erindið lagt fram til kynningar.

Fundargerðir:

7. 2501003 - Almanna- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lögð fram fundargerð 5. fundar Almanna- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 16. desember 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. 2501007 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram fundargerð 240. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 3. desember 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. 2501008 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram fundargerð 241. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 14. janúar 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. 2501010 - Hula bs.
Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Hulu bs. frá 29. nóvember 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. 2501017 - Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar
Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla frá 11. desember 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
AS
HK
BS



12. 2501019 - Bergisinn bs.
Lögð fram fundargerð 80. fundar Bergisans bs. frá 13. janúar 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

13. 2501011 - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Lagt fram bréf, dagsett, 19. desember 2024 frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Þar er óskað eftir tilnefningu eða staðfestingu á núverandi fulltrúum Skaftárhrepps í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs.
Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að staðfesta núverandi fulltrúa Skaftárhrepps, þau Elínu Heiðu Valsdóttur, sem aðalfulltrúa og Jóhannes Gissurarson, sem varafulltrúa í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs.
14. 2501012 - Rangárþing eystra
Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett, 13. desember 2024. Þar sem óskað er eftir álitum sveitarfélagsins vegna framkvæmda við plægingar á jörðinni Ytri-Skógum.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leiti að heimila framkvæmdir við plægingar á jörðinni Ytri-Skógum.
15. 2501013 - Rangárþing eystra
Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett 6. janúar 2025. Þar er óskað eftir athugasemdum og/eða umsögn vegna breytinga á deiliskipulagi jarðarinnar Ytri-Skóga.
Sveitarstjórn frestar erindinu og vísar því til afgreiðslu Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.
16. 2501014 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 6. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa þorablótinu á Kirkjubæjarklaustri.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila

BHS

Al. J.S.
JK



17. 2501015 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 6. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa Hótel Laka vegna áfengissölu á þorablóttinu á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila

18. 2501016 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 10. janúar 2025, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa þorablóttinu í Tunguseli.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila

Fleira ekki gert
fundi slitið kl. 10:34


Johannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Bergur Sigfússon


Auður Guðbjörnsdóttir


Jón Hrafn Karlsson